

Niðurstaða athugunar á starfsemi Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV

Framkvæmd var athugun á starfsemi Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV með heimsókn og gagnaöflun þann 20. janúar 2011, með vísan til XIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 66. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinnna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent rekstrarfélaginu þann 27. maí 2011 og fulltrúum félagsins gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum félagsins og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar dags. 1. júlí 2011, var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn félagsins að hún fæli óháðum endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram koma í skýrslunni og skal greinargerð óháðs endurskoðanda send til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 30. nóvember 2011.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athuginin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi rekstrarfélagsins voru eftirfarandi:

Upplýsingakerfi og útvistun á tækniþjónustu

Viðbúnaðaráætlun um órofinn rekstur tölvukerfa

Rekstrarfélagið hefur ekki sett sér viðbúnaðaráætlun um órofinn rekstur tölvukerfa. Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2005 skal eftirlitsskyldur aðili skjalfesta og uppfæra áætlun sem miðar að því að halda rekstri upplýsingakerfa gangandi í kjölfar áfalls sem veldur rekstrarstöðvun með þeim afleiðingum að rekstur upplýsingakerfanna getur ekki haldið áfram. Við athugunina kom í ljós að rekstrarfélagið hefur ekki sett sér slíka viðbúnaðaráætlun.

Útvistun á upplýsingakerfum og tækniþjónustu

Útvistunarsamningur félagsins við Íslensk verðbréf hf. um útvistun á tækniþjónustu er villandi, en Íslensk verðbréf hf. útvista allri slíkri þjónustu áfram til þriðja aðila. Samkvæmt 17. og 18. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er rekstrarfélagi heimilt að útvista verkefnum sem tengjast rekstri verðbréfasjóða að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið viti hvaða aðili það er sem mun fara með útvistuð verkefni og skal það koma skýrt fram í útvistunarsamningi félagsins.

Áhættustýring:

Gerðar voru athugasemdir við áhættustýringu verðbréfasjóða, en þrátt fyrir að áhættustýringu hafi verið útvistað til móðurfélags rekstrarfélagsins virðist öll áhættustýring vera á hendi sjóðsstjóra. Fjármálaeftirlitið telur að ekki sé um eiginlegt eftirlitsskerfi að ræða þegar sjóðsstjórar fylgjast sjálfir með að sjóðir í þeirra umsjón fari ekki umfram fjárfestingarheimildir laga og fjárfestingarstefnu. Það að sjóðsstjóri hafi eftirlit með sjálfum sér getur boðið upp á að fjárfest sé umfram heimildir eða í

fjármálagerningum sem sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í. Að sama skapi reiknar sjóðsstjóri út gengi þeirra sjóða sem hann er ábyrgur fyrir. Fjármálaeftirlitið telur að hagsmunaaðrekstrar geti komið upp þegar sjóðsstjórar hafa eftirlit með áhættustýringu og reikna sjálfir út gengi sjóða í þeirra umsjón.“

Kynningarefni verðbréfasjóða

Rekstrarfélagið er ekki með eigin heimasíðu þar sem fram koma upplýsingar um félagið sjálft og verðbréfa- og fjárfestingarsjóði í rekstri þess. Upplýsingar um sjóði félagsins koma fram á heimasíðu móðurfélags rekstrarfélagsins, Íslenskra verðbréfa hf. Upplýsingar um félagið sjálft eru nánast engar, t.a.m. er ekki að finna upplýsingar um stjórn félagsins eða ársreikninga þess. Þá er ekki farið að kröfum 19. gr. a. laga nr. 161/2002, þ.e. ekki er gerð grein fyrir stjórnarháttum félagsins né birt yfirlýsing um stjórnarhætti á heimasíðunni. Fjármálaeftirlitið telur að framangreint samræmist ekki 15. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en samkvæmt fyrrnefndu lagaákvæði skulu rekstrarfélög vera óháð vörslufélagi sínu.

Innri endurskoðun

Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við úttekt og skýrslu innri endurskoðanda, en hvort tveggja þótti ófullnægjandi.

Fjármálaeftirlitið mun í framhaldinu birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni eftir að fyrirliggur skýrsla óháðs endurskoðanda um þær úrbætur sem rekstrarfélagið hefur framkvæmt.